



3 . t b l . 3 7 . á r g . m a r s 2 0 0 4

Fréttabréf

Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar


Orlofshús og hótelmiðar

Fréttabréfið fjallar að stórum hluta að þessu sinni um orlofshús sem standa félagsmönnum til boða í sumar. Umsóknar-eyðublað fyrir orlofshús fylgja Fréttabréfinu og eru félagsmenn hvattir til þess að sækja um.

Eddu hóteli miðar verða niðurgreiddir af orlofsjóði félagsins eins og sl. ár. Kynningu á því er að finna inni í blaðinu. Það er takmarkaður fjöldi hótelmiða þannig að þar gildir bara að drífa sig í að kaupa miða, hámarksfjöldi miða á félagsmann eru sjö gistinætur.

Vinnustaðaheimsóknin að þessu sinni er á Árbæjarsafn en þar eru starfsmenn að sinna ýmsum áhugaverðum störfum.

Aðalfundur félagsins var haldinn 6. mars sl. Hér í Fréttabréfinu eru birtar þær ályktanir sem voru samþykktar á fundinum.



Umsóknarfrestur um orlofshús er til 5. apríl

bls. 2



Aðalfundur

bls. 4-5 & 7



bls. 3

Vinnustaðaheimsókn



Orlofsúthlutun

Aðalfundur St.Rv.

Aðalfundur St.Rv. var haldinn laugardaginn 6. mars.

Eftir venjuleg aðalfundarstörf voru bornar fram og samþykktar fjórar ályktanir. Ályktanirnar fjalla um lágmarkslaun, heilbrigðiskerfið, mótframlag vegna viðbótarlífeyrissparnaðar og um heimahjúkrun. En ályktanirnar eru birtar í heild sinni hér. Eftirtaldir ályktanir voru samþykktar á aðalfundi Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar, sem var haldinn laugardaginn 6. mars 2004:

Ályktun nr. 1

Aðalfundur St.Rv. haldinn 6. mars 2004 minnir á hvatningu 40. þings BSRB haustið 2003 til aðildarfélaganna að þau beiti sér fyrir því að lágmarkslaun á samningstíma næstu kjarasamninga verði ekki lægri en 150 þúsund krónur á mánuði. Fundurinn vísar því á bug að atvinnuvegirnir og þjóðarbúið þoli ekki að almennu launafólki séu borguð mannsæmandi laun meðan nægir peningar virðast vera fyrir ofurlaunum margra stjórnenda og ævintýraleikum tekjum fjármálamanna. Fundurinn varar líka við því að lækking skatta verði að einhverju látin bæta upp launahækkunir, enda eru skattalækkunir ávísun á að þjónustugjöld verði tekin upp eða hækkuð og dregið úr kjarajöfnun skattkerfisins. Fundurinn tekur undir yfirskrift 40. þings BSRB: **Réttlátir skattar - undirstaða velferðar.**

Ályktun nr. 2

Aðalfundur St.Rv. haldinn 6. mars 2004 fordæmir siendurteknar uppákomur í heilbrigðiskerfinu sem koma niður á bæði notendum þess og starfsfólki. Það er með ólíkindum, eftir margra ára umfjöllun um heilbrigðiskerfið og hagræðingu á sjúkrahúsum, að ríkisstjórnin skuli skammta sjúkrahúsum fjármagn sem greinilega er of lítið

og gera stjórnir þeirra ábyrgar fyrir vandnum sem skapast.

Á sama hátt þvær ríkisstjórnin hendur sínar af því neyðarástandi sem hefur skapast í heimahjúkruninni á höfuðborgarsvæðinu. Í báðum tilvikum er um að ræða forkastanlega framkomu gagnvart starfsfólkinu sem og notendum þjónustunnar.

Þegar bæði sjúkrahúsin og heimahjúkrunin eru í uppnámi vegna aðgerða stjórnenda og stjórnvalda leggur Verslunarráð Íslands í mikla áróðursherferð um kosti einkavæðingar í heilbrigðiskerfinu. Það er engu líkara en verið sé að plægja akurinn fyrir einkavæðingu þar sem heilbrigðiskerfið verði gert að féþúfu. Fundurinn varar við hugmyndum um að breytt rekstarform, eins og ýmis konar form einkarekstrar er gjarnan kallað, sé töfralausn á rekstarvanda heilbrigðiskerfisins.

Ályktun nr. 3

Aðalfundur St.Rv. haldinn 6. mars 2004 endurtekur ályktun aðalfundar síðasta árs þar sem skorað er á Reykjavíkurborg að greiða mótframlag til viðbótarlífeyrissparnaðar með sama hætti og ríkið og atvinnurekendur á almennum vinnumarkaði. Það er óviðunandi að félagið skuli þurfa að álykta um það ár eftir ár að félagsmenn þess njóti í þessu sambærilegra réttinda við þorra annars launafólks. Fundurinn væntir þess að ekki þurfi enn einu sinni að álykta í þessa veru að ári.

Ályktun nr. 4

Aðalfundur St.Rv. haldinn 6. mars 2004 skorar á stjórn heilsugæslunnar í Reykjavík að ganga nú þegar til samninga við starfsfólk heimahjúkrunar og aflétta þar með því alvarlega ástandi sem skapast hefur.

Fréttabréf

Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar
Útgefandi: Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar,
Grettisgötu 89,
105 Reykjavík.
Sími: 525 8330
Fax: 525 8339
Tölvupóstfang: strv@bsrb.is
Heimasíða: www.strv.bsrb.is
Ábyrgðarmaður: Sjöfn Ingólfsdóttir.
Ritstjóri: Jakobína Þórðardóttir
Ritnefnd: Ragnhildur Helgadóttir,
Guðjón Indriðason og Örn Erlendsson
Umbrot: Jakobína Þórðardóttir
Hönnun: PJE ERR
Prentun: Hjá OSS ehf.
Forsíðumynd: Bára

Hitaveituvæðing í fullum gangi bæði á Úlfjótsvatni og í Munaðarnesi

Á Úlfjótsvatni er allt í fullum gangi við að leggja hitaveitu, stækka sum húsin, stækka palla og setja heita potta við hvert hús.

Hitaveituframkvæmdir eru einnig í fullum gangi í Munaðarnesi og Stóru Skógum og því jarðrask töluvert á svæðinu. Þrátt fyrir það eru húsin leigð út í allan vetur en öll leiga fer í gegnum skrifstofu BSRB því einungis eru leigð út hús þar sem framkvæmdir eru ekki í gangi í hvert skipti. Stefnt er að því að hleypa heitu vatni á kerfið um mánaðarmótin apríl maí og fara næstu vikur þar á eftir í að tengja húsin við kerfið. 11. júní nk. taka svo félögin sjálf við útleigu húsanna en þá á að vera búið að ganga frá öllu jarðraski á svæðinu og koma heitu vatni í húsin og potta við þau. Þangað til eru orlofshúsaleigjendur beðnir að hafa það í huga þegar þeir fara í Munaðarnes að umhverfið utandyra ber þess merki að framkvæmdir eru á fullu.

Eddu-hótel um allt land -miðar seldir frá 3. maí

Ákveðið hefur verið að félagið greiði niður hótelmiða á Edduhótelin eins og tvö undanfarin ár, fyrir félagsmenn í sumarorlofi.

Miðarnir verða til sölu á skrifstofu félagsins frá 3. maí n.k.

Greiðslumiðar gilda fyrir tveggja manna herbergi með handlaug, sé óskað eftir herbergi með baði þarf að greiða aukalega fyrir það. Leyfilegt er að hafa börn með sér í herberginu, en þá þarf að hafa með sér svefnpoka eða rúmföt fyrir þau. Hóтелиð útvegar dýnur. Miðarnir gilda á 14 Edduhótel víðsvegar um landið. **Gestir sjá sjálfir um að bóka gistingu.** Hver miði kostar 3.500 kr. Morgunverður er ekki innifalinn. Þegar veitingar eru keyptar á Edduhótelunum fá börn 0-5 ára frían mat og 6-12 ára greiða hálf gjald. Edduhótelin eru opin á tímabilinu júní til ágúst.

- Hótel Edda, ML Laugavatni
- *Hótel Edda, ÍKÍ Laugavatni
- Hótel Edda, Skógum
- *Hótel Edda, Vík
- Hótel Edda, Nesjaskóla
- *Hótel Edda, Neskaupsstað
- *Hótel Edda, ME Egilsstöðum
- Hótel Edda, Eiðum
- Hótel Edda, Stórutjörnum
- Hótel Edda, M.sk. Akureyri
- Hótel Edda, Húnavöllum
- Hótel Edda, Laugabökkum
- Hótel Edda, Núpi
- Hótel Edda, Laugum, Sælingsdal
- *Hótel Edda, Hellissandi



**Þau hótel sem eru merkt með stjörnu eru aðeins með herbergjum með baði.*

Páskaleiga í orlofshúsum félagsins.

Eins og fram hefur komið undanfarið í Fréttabréfum félagsins og einnig í þessu blaði hafa staðið yfir miklar framkvæmdir við húsin í Munaðarnesi og á Úlfjótuvatni. Þar af leiðandi verður í ár ekki um neina úthlutun að ræða um páskana á þessum stöðum.

Munaðarnes

Vegna hitaveituf framkvæmda og annarra þeim tengdum geta aðildarfélag BSRB ekki leigt út sín hús um páska eins og verið hefur.

Á aðalfundi fulltrúaráðs orlofsheimila BSRB í nóv. sl. var samþykkt að skrifstofa BSRB leigi út þau hús, sem nothæf eru hverju sinni, og á þessi skipan að haldast til 11. júní nk. Þeir sem óska eftir dvöl á þessu tímabili, þar með taldir páskar, geta sent umsóknir á netfang

bsrb@bsrb.is (nafn heimilisfang vinnustaður, símanúmer) eða hringt til BSRB í síma 5258300, verða umsóknir afgreiddar í þeirri röð sem þær berast.

Úlfjótuvatn

Auk hitaveituf framkvæmda á Úlfjótuvatni hafa staðið yfir í vetur miklar framkvæmdir og endurbætur á húsunum. Á þeim öllum að vera lokið 11. maí nk.

Varðandi helgarleigu og páskadvöl er því það sama að segja og um Munaðarnes. Engin sérstök úthlutun verður um páskana en við getum upp úr miðjum mars farið að bóka í þau hús, sem hverju sinni eru leiguhæf.

Vinnustaðaheimsókn í Árbæjarsafn



Rífa Laugaveginn? Samráðsfundur með starfsfólki Borgarskipulags.



Markmið og leiðarljós. Guðný Gerður Gunnarsdóttir þjóðháttafræðingur, borgarminjavörður vinnur við ársskýrsluna.



“Stolt siglir fleyið mitt.” Örn ráðsmaður sýnir áhugasamri konu af Vestfjörðum nafna sinn, bátinn Örninn, sem var þjóðargjöf Norðmanna í tilefni af ellefu-hundrað ára afmæli Íslandsbyggðar.



Hvar eru öndvegissúlurnar hans Ingólfs og kambarnir hennar Hallveigar? Anna Lís Guðmundsdóttir jarðfræðingur, deildarstjóri fornleifaeildar rannsakar hvort mannvistarleifar séu undir Túngötunni, á horninu við Suðurgötu.



Talarðu ensku, góða mín? En þýsku, ítölsku, hebresku? Kannstu að spinna, tvinna, þrinna? Kemba, þrjóna, þæfa? Mjólka, strokka? Gerður Róbertsdóttir sagnfræðingur, deildarstjóri fræðsludeildar tekur viðtal við umsækjanda um sumarstarf.

Árbæjarsafn er ein af hinum svokölluðu menningarstofnunum Reykjavíkurborgar. Þar vinna 15 manns í föstu starfi, flestir háskólafolk með BA- eða MA-próf í ýmsum greinum hugvísinda eða iðnmenntaðir með meistararéttindi í viðkomandi iðngreinum.

Eins og meðfylgjandi myndir og texti ber með sér eru viðfangsefni starfsfólksins fjölbreytt á sviði söfnunar, varðveislu og rannsókna og margvíslegrar þjónustu við samborgarana. Þótt verkstöðin sé í Árbæjarsafni eru viðfangsefni um alla borgina að meðtöldu Kjalarnesinu, að sjálfsögðu. Verkefni eru innanhúss og utan, áþreifanleg og huglæg, ofan jarðar og neðan, ef svo má segja.




Hvar var Brekkukot? Páll V. Bjarnason arkitekt, deildarstjóri húsadeildar undirbýr fund með skipulagsnefnd Reykjavíkurborgar.



“Sýnist mér biluð harpan þín.” Kristinn E. Gunnarsson húsgagnasmíðameistari hugar að einum af dýrgripunum í vörslu safnsins.



Var þessi gerfihnattadiskur talinn fram í brunavirðingunni frá 1827? Helga Moreen Gylfadóttir við rannsóknarstörf vegna húsakönnunar á Spítalastíg.



Ha, tvö strokleður? Var ekki nóg að kaupa eitt? Hafdis Helgadóttir skrifstofustjóri fer yfir reikninga.



Þetta fer undir erlend samskipti. Sólveig K. Jónsdóttir skrifstofumaður flokkar skjöl í skjalageymslu. a



Hefur bilað hengilás, hespa eða kengur? Ólafur Axelsson húsmíðameistari dyttar að.



Stærsta verstöð landsins áratugum saman. Stærsta höfn landsins. En hvar er Sjóminjasafnið? Helgi Máni Sigurðsson sagnfræðingur, starfsmaður nefndar um undirbúning að stofnun sjóminjasafns í Reykjavík hugar að framtíðinni, í húsi fyrirhugaðs safns á Grandagarði.



“Til mín skal börnin bera.” Áslaug Sverrisdóttir sagnfræðingur, deildarstjóri muna-deildar skoðar forkunnarfagran skirnar-kjól.



Hm...Sollulág? Er hún ekki í Geldinganesinu? Sólrún Una Pálsdóttir fornleifafræðingur, við skráningu minjastaða á Kjalarnesi.

Orlofshús og íbúðir

-til leigu fyrir félagsmenn sumarið 2004

Suðurland



Úlfjótsvatn

Við suðurenda Úlfjótsvatns er orlofshúsasvæði St.Rv. í aðeins 70 km. fjarlægð frá Reykjavík. Þar á félagið 10 sumarhús, sem eru af tveimur stærðum. Þrjú húsanna eru með einu svefnherbergi og svefnlofti en sjö eru með tveimur svefnherbergjum og svefnlofti. Húsin eru búin öllum venjulegum eldhúshöldum, auk útvarps, sjónvarps og kolagrills. Miklar framkvæmdir og endurbætur hafa verið gerðar á húsunum í vetur. Í fyrsta lagi er komin hitaveita á svæðið og í framhaldi af því hefur verið unnið að því að setja heita potta við öll húsin. Þá hafa húsin 1 – 6 verið stækkuð verulega, keypt í þau ný húsgögn og nýir pallar smíðaðir við þau öll. Gestir hafa aðgang að bátum og veiði í vatninu. Sængur og koddar eru í húsunum en allt lín, rúmfatnað, handklæði o.fl. verða gestir að taka með sér. Glæsileg þjónustumiðstöð er í Úlfjótsskála með aðstöðu fyrir gesti. Gufubað, billjard o.fl. Þar fá gestir afhenta lykla að húsunum.

Norðurland



Akureyri

Í fjölbýlishúsi að Hrísalundi 2e á félagið góða, vel búna fjögurra herbergja íbúð á jarðhæð.

Öll venjuleg búsaðhöld fylgja, svo og útvarp, sjónvarp og kolagrill.

Þá er félagið að taka á leigu í sumar, fjögurra herbergja íbúð í Hafnarstræti 7 á Akureyri. Húsbúnaður er svipaður og í Hrísalundinum. Sængur og koddar fylgja, en allt lín, rúmföt, handklæði o.fl. verður fólk að taka með sér. Lyklar eru afhentir á skrifstofu St.Rv. viku fyrir brottför.

Laxárlundur í Aðaldal

Eins og undanfarin ár hefur Starfsmannafélag Akureyrarbæjar skipt við okkur á orlofshúsi sínu í Aðaldal og húsi á Úlfjótsvatni. Í húsinu eru tvö svefnherbergi, annað fyrir tvo fullorðna en hitt með kojum fyrir tvö börn. Venjulegur eldhúsbúnaður, svo og útvarp, sjónvarp og kolagrill. Tvær góðar gólfðýnur fyrir fullorðna eru í húsinu svo og barnaferðarúm. Sængur og koddar fylgja en ekki lín. Lyklar afhentir á skrifstofu St.Rv. viku fyrir brottför.



Öllum sumarhúsunum fylgja sængur og koddar en sängurfatnaður og annað lín fylg

Huldulundur í Aðaldal

Félagið hefur eins og síðustu ár leigt þetta sumarhús í Aðaldal. Í því er svefnpláss fyrir sex - hjónaherbergi, svefnherbergi með koju og í stofu er svefnsófi.

Allur venjulegur eldhúsbúnaður og útvarp, sjónvarp og kolagrill.

Sængur og koddar fylgja en rúmfatnað og annað lín þarf fólk að hafa með sér.

Lyklar eru afhentir á skrifstofu St.Rv. viku fyrir brottför.



Illugastaðir í Fnjóskadal

Gengið hefur verið frá skiptum á einu húsi á Illugastöðum í eigu Einingar-Íðju á Akureyri og einu húsi félagsins í Munaðarnesi.

Húsið er ætlað fyrir 6 – 8 manns og er búið öllum venjulegum húsbúnaði.

Þar er og sjónvarp, útvarp og heitur pottur við sundlaug.

Húsinu fylgja sængur og koddar. Rúmfatnaður fylgir ekki en hægt er að leigja hann á staðnum.

Lykill að húsinu er hjá umsjónarmanni staðarins.



Vesturland



Munaðarnes og Stóru-Skógar

Á orlofshúsasvæði BSRB í Munaðarnesi á félagið 13 sumarhús.

Eitt þeirra er í Stóru Skógum (ofan við Þjóðbraut).

Húsin eru af tveimur stærðum, minni húsin með einu svefnherbergi og stærri húsin með þremur svefnherbergjum. Í húsunum er allur venjulegur húsbúnaður, sjónvarp, útvarp og kolagrill.

Í þjónustumiðstöðinni fá gestir afhenta lykla, sængurfatnað og hreinlætisvörur.

Lagt hefur verið í miklar framkvæmdir í Munaðarnesi undanfarna mánuði í framhaldi af því að heitt vatn fannst þar í túnfætinum.

Smíðaðir hafa verið nýir pallar við húsin og settir niður heitir pottar við þau öll.

Langbráður draumur félagsmanna um heita potta er að rætast og stefnt er að verklokum á svæðinu þann 11. júní nk.

ir ekki, nema í Munaðarnesi og á Eiðum þar sem gestir fá afhent sængurföt við komu.



Súðavík

Í fjölbýlishúsi við Aðalgötu 2 á Súðavík hefur félagið tekið á leigu yfir sumarið eins og undanfarin ár góða 3ja herberja íbúð. Hún skiptist í rúmgott hjónaherbergi, barnaherbergi með koju (ein og hálf breidd í neðri koju). Í stofu er svefnsófi. Súðavík er í 19 km. fjarlægð frá Ísafirði.

Lyklar eru afhentir í Súðavík.

Austurland

Miðar í Hvalfjarðargöngin

Vakin er athygli á því að miðar í Hvalfjarðargöngin eru seldir félagsmönnum á skrifstofu félagsins með 30% afslætti. (þ.e. 700 kr. miðinn).



Eiðar

Á orlofshúsasvæði BSRB á Eiðum á Starfsmannafélagið tvö vel búin sumarhús, ætluð fyrir 6 – 7 manns. Húsin skiptast í þrjú svefnherbergi, stofu og eldhús. Í húsunum er sjónvarp, útvarp og kolagrill.

Afgreiðsla lykla og sængurfatnaðar er á Edduhótelinu á Eiðum.



Ferðanefnd stéttarfélaganna hefur síðastliðin ár gert samning við ýmsa aðila vegna afsláttar til félagsmanna í flug, bílaleigu og hótulgistingu. Upplýsingar um það er hægt að fá á heimasíðu félagsins www.strv.bsrb.is og á skrifstofu félagsins í síma 525-8330